

Stjörnugrís hf.
Vallá
162 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2023
UST202306-401/R.S.
08.04

Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Stjörnugrís Melum

Vísað er til umsóknar Stjörnugrís hf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 26. júní sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir svínabú á Melum, Hvalfjarðarsveit. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 3. ágúst sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 4. ágúst til og með 11. ágúst sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins var til 29. júní 2023. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 29. júní 2024.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur